

## Í KRÁ AÐ KIRKJUBAKI

Lög: Ýmsir þýskir drykkisöngvar

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

og Hjörtur Þráinsson

### 1. BAKKUS KARLINN

(HÞ EFTIR VIVAT BACCHUS)

Þökkum guði vinsins vænum,  
víst hann setti algjört met.  
Þegar hann úr þrúgum grænum  
þrúgnatárin renna lét.  
Já, Bakkus hann var þýsna glúrinu karl.

### 2. Í KRÁ AÐ KIRKJUBAKI

(HÞ EFTIR IM KRUG ZUM GRÜNEN KRANZE)

Í krá að kirkjubaki  
ég kom svo þyrstur inn,  
og sá þar sjóara' inni,  
já sjóara einn við barinn minn.

Sá hafði glas í hendi,  
ég hélt það væri öl,  
og hárið niðr' á herðar  
eins hrakið og þang í sjávarmöl.

### 3. ÁNING

(HJÞ OG HÞ EFTIR

ES ZOGEN DREI BURSCHEM)

Þeir stúdentar ætluðu' að steðja' yfir Rín,  
en stönsuðu' á kránni og pöntuðu vín.

Þú fröken mátt bjóða' okkur björglas og vín,  
og bjóddu' okkur svo upp á loftið til þín.

### 4. JÁ, EF AÐ DROTTINN EITTHVERT SINN

(HÞ EFTIR WENN ICH EINMAL  
DER HERRGOTT WÄR)

Já, ef að drottinn eitthvert sinn  
sitt alvald fæli mér.  
Úr góðri eik ég gerði þá  
eitt geysivoldugt ker.  
Eitt ker sem næði' um veröld vítt,  
eins vítt og sólin skín.  
Og í það streymdi ár og síð  
hið allra besta vín.

Og ef að drottinn annað sinn  
sitt alvald fæli mér  
úr besta gleri gerði ég  
eitt glas við þetta ker.  
Eitt glas svo hátt sem himinn nær  
að hemja þorstans bál.  
En bráðum myndu bræður sjá  
í botn á þeirri skál.

### 5. GUÐAVEIGAR

(HÞ EFTIR KLASSISCHE TRINKLEHRE)

„Drekkum!“ sagði Seifur víst.  
Sama gerði Þór.  
Fornir guðir forðast síst  
fögur vín og bjór.

Lít á fornu fræðin þín  
fáðu skýra mynd.  
Kristur breytti vatni' í vín  
Var það kannski synd?

Hippokrates sagði: „Sex  
súptu daga' í röð.“  
Óðinn mælti: „Vitið vex  
víst ef fæ ég mjöð.“

Bræður, bræður, bræður fylgjum þeim,  
fylgjum þeim, fylgjum þeim, fylgjum þeim!

6. *HANN GEFUR OKKUR GRÖSIN*

(HJÞ EFTIR *WAS BRINGEN UNS DIE REBEN*)

Hann gefur okkur grösín og göfug vín  
sem gljáfægð fylla glösín og gullín fín.  
Gling, gló, guðaveig glitrar tær í glasi.  
Gling, gló, guðaveig glitrar tær og gleði ljær.

7. *EFTIRRETTURINN*

(HJÞ EFTIR *KEINEN TROPFEN IM BECHER MEHR*)

Tæmd er skálin og bliknuð blóm,  
búið vínið og pyngjan tóm.  
Hlær þó hjarta og tunga.  
Þessu ástandi veldur vín,  
vína kæra og augun þín,  
ástarblómið mitt unga.

Þetta indæla ástarljóð  
orti stúdent á Hafnarlóð.  
Væn er veitingastofan.  
Konan unga sem krána á  
kom og tyllti sér drengnum hjá,  
var í engu að ofan.

8. *RÍNARVÍN*

(HJÞ EFTIR *RHEINWEINLIED*)

Nú lyftum skál og látum vínið renna  
og ljúfan drekkum teyg!  
Um allan heim, það okkur fróðir kenna,  
fæst engin betri veig.

Og skál í botn, já bræður verðum mjúkir  
þótt bágt sé okkar kaup.  
Og séu grannar gamlir eða sjúkir  
þá gefum við þeim staup!

9. *VIÐ FÁUM ENN EITT FLÖSKUGREY*

(HJÞ EFTIR

*JETZT TRINK 'N WIR NOCH A FLASCHERL WEIN*)

Við fáum enn eitt flöskugrey,  
holladrió!  
Og fleiri' ef þessi nægir ei,  
holladriáo!

10. *VIÐ SKÁLUM*

(HJÞ EFTIR *EIN PROSIT DER GEMÜTLICHKEIT*)

Við skálum, við skálum  
gladír syngjum söng!

---